



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi 2021

1.gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu-, sorpeyðingar og endurvinnslugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2.gr.

Umhverfisgjald A er innheimt árlega vegna sorphirðu, -eyðingu og fyrir afnot af gámavelli, fyrir einstakar íbúðir, íbúðarhúsnæði, sumarhús og lögbyli sem hér segir :

- Sorphreinsunargjald, íbúðir 21.013 kr. á hvert sorpílát
- Sorpeyðingargjald, íbúðir 34.133 kr. á hvert sorpílát
- Sumarhús, lögbyli 34.133 kr.

3.gr.

Umhverfisgjald B er endurvinnslugjald vegna móttöku og þjónustu á gámavelli við lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrirtækja, stofnanna, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir :

- Flokkur 1 62.525 kr.
- Flokkur 2 124.640 kr.
- Flokkur 3 187.011 kr.
- Flokkur 4 313.086 kr.
- Flokkur 5 439.161 kr.
- Flokkur 6 754.349 kr.
- Flokkur 7 málmar 29 kr m. vsk pr..kg.

Sveitarstjórn skipar framangreindum aðilum í gjaldflokkum, þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í viðauka við gjaldskrá.

4.gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 2. og 3.gr gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku hreppsnefndar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er hreppsnefnd heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

5.gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá samþykkt 12. desember 2019.

Tálknafjarðarhreppur 21. desember 2020

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Viðauki við gjaldskrá umhverfisgjalda í Tálknafjarðarhreppi.

Skilgreining gjaldflokka umhverfisgjalda B

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps fyrir umhverfisgjald :

1. Flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 0-2 starfsmönnum
- b) Söluturnar án veitingaraðstöðu
- c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir
- d) Lítil hótél eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti)
- e) Bílaleigur

2. Flokkur

- a) Lítil iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn)
- b) Meðalstór hótél eða gistiheimili fyrir 11-25 gesti
- c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti)
- d) Litlir skólar (0-15 nemendur)
- e) Leikskólar
- f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 3-5 starfsmönnum
- g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári)

3. Flokkur

- a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir)
- b) Miðlungs verslun
- c) Áhaldahús
- d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur)
- e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 6-8 starfsmönnum
- f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti)
- g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn)
- h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári)

4. Flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 9 eða fleiri starfsmönnum
- b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri)
- c) Matvöruverslanir og stærri verslanir
- d) Stærri fiskverkanir (501-1000 tonn á ári)
- e) Bankar og sparisjóðir g) Bifreiða-, rafverktaka-, og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn)
- f) Bensínstöðvar

5. Flokkur

- a) Minni fiskvinnslustöðvar (1000-2000 tonn/ári)
- b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfsmenn og fleiri)

6. Flokkur

- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2000 tonn/ári og yfir)
- b) Heilbrigðisstofnun